

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 222/2017

2019/EES/80/14

frá 15. desember 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660 frá 6. apríl 2017 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2018, 2019 og 2020 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/660 fellir úr gildi, frá og með 1. janúar 2018, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/662 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. janúar 2018.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 128. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1202):

„129. **32017 R 0660**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660 frá 6. apríl 2017 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2018, 2019 og 2020 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjútíð. ESB L 94, 7.4.2017, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi verður bætt við 5. lið töflunnar í II. viðauka:

IS	12	“
NO	12	

2. Texti 121. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/662) fellur brott frá og með 1. janúar 2018.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 94, 7.4. 2017, bls. 12.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 115, 29.4. 2016, bls. 2.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.